



<b>Kennarar:</b>	Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir ingibjorg@fsu.is  Pelle Damby Carøe pellecaroe@fsu.is	<b>Sk.st.</b>	IS  PC
------------------	---	---------------	--------------

### Áfangalýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að efla hjá nemendanum alla færniþætti tungumálsins, að efla sjálfsöryggi hans og tjáningu á eigin hugsunum, svo og sjálfstæði hans og vinnubrögð. Unnið er markvisst að því að auka vitund nemandans um hvernig maður lærir tungumál, hvað þarf að kunna til þess að kunna tungumál og aðferðir til þess að tileinka sér nýjan orðaforða.

**Tal:** Áhersla er lögð á að nemendur þjálfist í réttum framburði tungumálsins, í að tala tvö og tvö saman, í að kynna verkefni sem búið er að vinna með, svara fyrirspurnum og færa rök fyrir máli sínu.

**Hlustun:** Nemendur vinna með ýmiss konar hlustunarverkefni tengd lífstíl t.d. af neti.

**Ritun:** Nemendur vinna með nokkrar textagerðir hvort heldur sem um er að ræða skapandi skrif eða stýrð verkefni eins og t.d. endursagnir, gagnrýni og frásagnir.

**Orðaforði:** Nemendur vinna með orðaforða í tengslum við þemu sem unnið er með hverju sinni; jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu.

**Lestur:** Nemendur lesa eina skáldsögu, nokkrar smásögur og ýmiss konar rauntexta.

**Undanfari:** Grunnskólapróf með lágmarkseinkunn 5 í dönsku eða DANS1DL05

### Námsefni:

1. *Hokus Pokus* – lesbók og vinnubók
2. *Mord i mørket* – skáldsaga
3. *Glimt* – smásögur
4. *Mappa A4 og línustrikuð blöð A4*

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 6	5. jan. – 12. febr.	Hokus pokus og sjónvarpsefni  Skáldsaga: Mord i mørket	Glósupróf 1 og heimaverkefni 1 í hlustun  Ritun  Próf 1, 2 og 3
7 - 11	13. febr. – 19. Mars	Hokus pokus og sjónvarpsefni  Skáldsaga: Mord i mørket  Smásögur: Glimt	Glósupróf 2 og heimaverkefni 2 í hlustun  Ritun  Próf 4  Próf / Verkefni
12 - 16	20. mars – 17.apríl	Hokus pokus og sjónvarpsefni	Glósupróf 3 og heimaverkefni 3 í hlustun  Ritun  Hlustunarpróf
17 - 19	18. apríl – 10. maí	Þemu sem unnið hefur verið með á önninni t.d. upp úr sjónvarpsefni, Hokus Pokus, Mord i Mørket eða Glimt	Munnleg verkefni (u.þ.b. 3)  Munnlegt lokapróf  Skráp

### Sérreglur áfangans:

Nemendur verða að **kíkja DAGLEGA í moodle** til að fylgjast með tímasetningum prófa og verkefna og einnig til fylgjast með yfirferð námsefnis í tímum.

Áfanginn er símatsáfangi **án lokaprófs**, en nánast öll verkefni og próf eru metin til lokaeinkunnar.

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Lestur, skáldsaga	4 próf	20%
Orðaforði	3 próf	15%
Lestur, smásögur	U.þ.b. 3 verkefni	9%
Hlustun, sjónvarpsefni	3 verkefni og 1 próf	15%
Munnleg færni	3 verkefni og 1 próf	15%
Ritun	U.þ.b. 5 verkefni	16%
Áhugi og vinnubrögð	Þátttaka í tímum og ábyrgð í námi	10%

### Markmið / Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu málvenjum í ritaðri dönsku
- dönsku samfélagi og menningarlífi
- völdum bókmenntatextum jafnt sem rauntextum
- orðaforða sem tengist jafnrétti, lýðræði, sköpun, velferð, hreyfingu, sjálfbærni, menntun og heilsu
- tali tveggja Dana um efni sem búið er að vinna með

### Markmið / Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita gagnrýninni hugsun í ræðu og riti og láta skoðanir koma fram á skýran hátt þegar er unnið með eigið áhugasvið
- beita á markvissan hátt viðeigandi hjálpargögnum við frágang ritsmíða
- nýta málfræðilegar upplýsingar til að efla eigin málfærni
- skilja og nota algeng stílbrogð í ritmáli
- nýta upplýsingar úr ýmiss konar heimildum og flétta saman við eigin viðhorf og ályktanir
- flytja af nokkru öryggi verkefni fyrir kennara og nemendur í smærri hópum
- lesa sér til gagns og gamans hæfilega þung bókmenntaverk jafnt sem rauntexta og fjalla um inntak þeirra skriflega

### Markmið / Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið
- styrkja eigin málfærni, t.d. með því að nýta málfræðilegar upplýsingar
- beita skýru og lýtlausu máli í ræðu og riti
- taka þátt í umræðum, færa rök fyrir máli sínu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu, túlka texta þó merkingin liggi ekki á yfirborðinu

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Kærlig hilsen,**

**Pelle Damby Carøe og Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir**

